

# IBM Miðtölvur

IBM miðtölvur (midrange computers) eiga uppruna sinn í IBM **System/3** tölvunum sem settar voru á markað árið 1969. Fyrir þann tíma höfðu stórtölvur (mainframe computers) verið einráðar á markaðinum.

Margt í tæknilegri uppbyggingu miðtölva og stórtölva var í upphafi svipað en síðan hafa þær þróast með ólíkum hætti. Miðtölvur voru minni og meðfærilegri en stórtölvur og gátu unnið í venjulegu skrifstofurými á meðan stórtölvurnar þurftu yfirleitt sérstakt tölvuherbergi með kælibúnaði og sérstakri loftræstingu. Verð á miðtölvum var einnig mun lægra en á stórtölvum og þær breyttu því tölvumarkaðinum í grundvallar atriðum þegar þær komu fyrst fram.

Meðal atriða sem einkenna IBM miðtölvur í dag er t.d. fjölgjörva (multiprocessor) umhverfi, einstigs geymslustjórnun (single-level storage management), hlutbundin högun (object orientation), sambyggt stjórnkerfi og venslaður gagnagrunnur (integrated relational data base), færanleiki (migration) lausna og gagna á milli tölvukynslóða, samkeyrsla margra tegunda stýrikerfa (IBM i, IBM AIX, Linux, Windows) í sýndarvélum (virtualization technologies), öflugur stuðningur við opið umhverfi (open source). Einnig má nefna rekstaröryggi, rekstrarhagkvæmni og uppítími sem er með því besta sem gerist.

IBM miðtölvur hafa verið mjög vinsælar hér á landi og sett sterkan svip á íslenskt atvinnulíf allt frá því þær komu fyrst fram á sjónarsviðið fyrir um 40 árum.

